

Nd.

### 309. Breytingartillögur

[131. mál]

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29 9. maí 1955 og lög nr. 23 12. maí 1960.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

5. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr rikissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Laun héraðsráðunauta og ferðakostnaður þeirra greiðist að  $\frac{2}{3}$  hlutum úr rikissjóði, en að  $\frac{1}{3}$  hluta af hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

Þóknun mælingamanna greiðist á sama hátt, enda samþykki landbúnaðarráðherra launagreiðslur búnaðarsambandanna vegna starfsemi þeirra.

2. Í stað 1. og 2. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

1. málsg. 11. gr. laganna orðist svo:

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr rikissjóði sem hér segir:

I. Framræsla vegna túna-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir og handgrafnir opnir skurðir, svo og hvers konar lokuð ræsi, þar á meðal plógræsi):

Framlag 75% kostnaðar.

II. Jarðrækt:

a. Frumvinnsla lands vegna grænfóðurs- og kornræktar.

b. Túnrækt á söndum.

c. Túnrækt á vallendi, móum og melum.

d. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi.

e. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis.

f. Grjótnám.

Framlag 25% kostnaðar.

III. Girðingar um ræktunarlönd:

a. Sex strengja gaddavirsgirðing.

b. Fimm strengja gaddavirsgirðing.

c. Þriggja strengja gaddavirsgirðing á skurðbakka.

d. Vírnetsgirðing með einum gaddavírsstreng.

Framlag 25% kostnaðar.

IV. Þurrheyshlöður úr varanlegu efni:

Framlag 15% kostnaðar.

V. Votheyshlöður úr varanlegu efni:

Framlag 25% kostnaðar.

VI. Áburðargeymslur:

a. Safnþrær.

b. Áburðarhús, haugstæði og kjallarar.

Framlag 25%.

VII. Súgþurrkunarkerfi með eða án blásara:

Framlag 40% kostnaðar.

VIII. Garðávaxtageymslur steypar með þaki úr varanlegu efni:

Framlag 15% kostnaðar.

Búnaðarfélag Íslands og Teiknistofa landbúnaðarins láta sérfræðinga sína meta árlega kostnað hvernar tegundar framkvæmda, sem upp eru taldar í grein þessari.